

Málsnúmer : 202010422

Málsaðili : Vegagerðin

Niðurstaða : Fyrir liggur til umsagnar vinnslutillöga, dagsett 24. júní 2022, vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði en í henni er fjallað um staðsetningu gangamunna og legu stofnvega frá honum. Heimastjórn Fljótsdalshéraðs telur að varpa þurfi betra ljósi á það hver tillagan nákvæmlega er varðandi suðurleiðina þar sem á bls. 5 kemur fram á mynd leið einkennd með fjólublárrí brotalínu sem kölluð er tilbrigði við suðurleið. Einnig er vakin athygli á ekki verður séð að gerð sé grein fyrir vegi að hreinsivirki við Melshorn. Vakin er athygi á auknum umferðaþunga á Eiðavegi til Borgarfjarðar, í og við þéttbýlið, og lögð er áhersla á að gert verði ráð fyrir aðgerðum til að auka þar umferðaröryggi. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Inngangur : Fyrir liggur til umsagnar vinnslutillöga, dagsett 24. júní 2022, vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði en í henni er fjallað um staðsetningu gangamunna og legu stofnvega frá honum.

Fundardags : 4.8.2022

Skráð dags : 4.8.2022 16:02:05

Höfundur : Óðinn Gunnar Óðinsson